



2014

Skýrsla æskulýðsnefndar Sóta



Inngangur

Í vetur sem leið voru ákveðin kynslóðaskipti í yngri deild Sóta. Þau sem hvað virkust hafa verið í félagstarfi æskulýðsnefndar undanfarin ár eru nú komin upp í eldri flokka og því ekki virk í æskulýðsstarfinu. Stór hluti barna í félaginu er þannig nú að stíga sín fyrstu skref í hestamennskunni. Börnin eru flest á leikskólaaldri eða á fyrsta- og miðstigi grunnskóla en nokkur eru eldri.

Dagskrá vetrarins og starf æskulýðsnefndar miðaðist því við þá staðreynd að aðallega væri um börn sem ekki enn eru orðin mjög reiðfær að ræða. Reynt var því að koma til móts við þessa ungu iðkenndur sem eru að stíga sín fyrstu spor í hestamennskunni, að þau fengju fræðslu og skemmtun við sitt hæfi sem myndi hjálpa þeim af stað og vekja enn meiri áhuga á hestamennskunni og félagskapnum.

Samvera krakkana í hesthúsahverfinu er mikil. Ýmislegt brallað og baukað, leikið, snurfusað og snyrt, sem sagt líf og fjör, þó ekki séu allir farnir að ríða mikið út.

Æskulýðsnefnd Sóta 2014

Nefndina skipuðu:

- Elísabet Birgisdóttir (formaður)
- Eyrún Sigurjónsdóttir
- Bryndís Einarsdóttir
- Elfur Erna Harðardóttir
- Nanna Björk Bárðardóttir
- Guðleif Nóadóttir

Fundir voru haldnir eftir þörfum.

Dagskrá vetrarins

- 7. febrúar **Kósíkvöld**
- 5. mars **Grímureið**
- 23. mars **Bingóbröns**
- 25. apríl **Bíóferð**
- Maí **Almennt reiðnámskeið**
- Maí **Keppnisnámskeið**
- 10. október **Óvissuferð**

Félagsstarfið

Kósíkvöld

Fyrsta upptákoma vetrarins var Kósíkvöldið. Hefð er fyrir því að byrja veturinn á huggulegu kvöldi í litla félagsheimilinu okkar. Þar komum við saman og horft var á fallegu og klassísku hestamyndina Svarta folann (*The Black Stallion* frá 1979) og einnig kíktum við á nokkur atriði úr *Æskan og hesturinn*, undanfarinna ára. Þá gæddum við okkur á pizzum og öðru góðgæti ásamt því að grípa í nokkur spil. Kvöldið tókst vel og út fóru allir tilbúnir í hestaævintýri vetrarins.

Grímureið

Á öskudaginn héldum við í þann sið að klæða okkur upp í grímubúninga, syngja fyrir hesthúsnágrannan og fara svo í hópreið um nágrennið. Teymt var undir minna vönum en þeir sem treystu sér riðu sjálfir. Mikið snjóaði þennan dag en reiðin tókst vel og allir skemmtu sér konunglega.



Bingóbröns

Í vetur var nú í fjórða sinn haldin fjáröflunin „Bingóbröns“, í sal Álftanesskóla. Er þetta stærsta fjáröflun æskulýðsnefndar. Nú eins og áður var viðburðurinn vel sóttur og vinningar aldrei verið fleiri! Eldhúsfærir Sótafélagar úr skemmtinefnd lögðu hönd á plóg og hlaut morgunverðarhlaðborðið almennt lof ásamt röggssamri stjórn Andrésar bingóstjóra. Eldri krakkarnir tóku virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd þessarar fjáröflunar.



Bíóferð

Farin var hópferð í bíó og vinsæl teiknimynd barin augum. Þar var mikið stuð og stemmning, popp og kók.

**Óvissuferð**

Nú í október stendur fyrir dyrum óvissuferð æskulýðsnefndar. Stefnan verður þá tekin austur fyrir fjall á föstudegi og dvalið yfir nótt í Syðra-Langholti. Margt verður brallað í þeirri ferð bæði hestatengt svo og sitthvað fleira skemmtilegt til að hrista okkur saman fyrir næsta tímabil og ljúka þessu með stæl.

Reiðnámskeið**Reiðnámskeið**

Almennt reiðnámskeið æskulýðsnefndar var haldið í maí og var kennari Karen Emilía Barrysdóttir Woodrow. Skipt var í hópa eftir aldri og getu.

Kennt var í þremur hópum; yngri pollar (4. ára), eldri pollar (6-7 ára) og börn (11-13 ára). Tímarnir voru sex og fór kennslan fram í reiðgerði félagsins. Margir krakkana voru þarna að fara á sitt fyrsta reiðnámskeið og sumhver að stjórna hesti sjálf í fyrsta sinn. Var mikil ánægja með kennslu Karenar og námskeiðið í heild. Víst er að þarna voru margir af efnilegri knöpum framtíðarinnar að stíga sín fyrstu spor og fóru út í sumarið enn áhugasamari í öruggari með sig í hestamennskunni.

Keppnisnámskeið og Landsmótsundirbúningur

Atli Guðmundsson sá um keppnisnámskeiðin og um undirbúning landsmótsfara. Tveir keppendur voru fyrir hönd Sóta á Landsmóti 2014. Einn í barnaflokki, Patrekur Örn Arnarson og ein í unglingaflokki Margrét Lóa Björnsdóttir og stóðu þau sig með þryði.

Námskeiðin voru niðurgreidd af æskulýðsnefnd.



Annað

Undanfarin ár hafa knapamerkjanámskeiðin verið haldin í samvinnu við Sörla og hefur samstarf okkar við Sörla hvað varðar það námskeiðahald verið til fyrirmyndar. Sótakrökkum hefur einnig staðið til boða að taka þátt í öðrum námskeiðum og ýmsum uppákomum á vegum æskulýðsnefndar Sörla og er það frábært. Nú í október, þegar ný námskeið fara af stað í Sörla mun Sóti eiga nemendur í knapamerkjum enn á ný en enginn var síðasta tímabili. Hefur æskulýðsnefndin einnig veitt styrki til knapamerkjanáms.

Þar sem að fá börn voru fær um að taka þátt í reiðatriði á Æskan og hesturinn í ár eða gáfu ekki kost á sér var Sóti ekki með í því samstarfi að þessu sinni. Félagið átti þó fulltrúa sem tók þátt í atriði með Sörla og í setningarathöfn Hestadaga sem var ánægjulegt.

Opið hús var hjá Sóta á Hestadögum, var þar teymt undir börnum og tók æskulýðsnefnd og stjórn Sóta þátt í því ásamt fleiri Sótafélögum. Mikið af börnum í bæjarfélaginu kom og nýtti tækifærið til að komast á bak.

Rattleikur er einnig haldinn árlega á sumardaginn fyrsta í Sóta og eru krakkarnir yfirleitt miklir þátttakendur í leiknum þó ekki séu þau alltaf ríðandi. Þar hefur skapast skemmtileg stemning þar sem að ungir sem aldnir taka þátt í skemmtilegum þrautum og hafa gaman saman.



Lokaorð

Æskulýðsnefndin horfir björtum augum til framtíðar og hlakkar mikið til að fylgjast með unga hestafólkinu sínu sem flest eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennskunni og einnig þeim sem lengra eru komnir. Vonumst við til að geta byggt upp aðstöðuna okkar í félaginu þannig að við getum komið sem best til móts við þarfir þeirra m.a. með námskeiðishald í huga. Hópurinn okkar er fjölbreyttur. Sumum finnst bara ánægjulegt að vera með foreldrum og vinum upp í hesthúsi, leika og hafa gaman en aðrir eru að sækja í sig veðrið í útreiðum og færni á baki. Eftir veturinn höfum við séð miklar breytingar á hópnum og framfarir. Sumir munu eflaust sækja enn frekar fram með þjálfun og keppni í huga en aðrir með ánægjuna af útreiðum og samverunni við hestana að leiðarljósi en allt er þetta nú tengt.

Æskulýðsnefnd Sóta
Álftanes 30. september 2014

